

## A 1814/kultur

Flytjandi	Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

## Þingmannatillaga um að auka færni norrænna fjölmiðla í rannsóknarblaðamennsku

### Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún beiti sér fyrir að við rannsóknarblaðamenskumiðstöðina Senter for Undersøkende journalistikk í háskólanum í Björgvin verði stofnuð Norræn rannsóknarblaðamenskumiðstöð sem í félagi við aðila í öðrum norrænum ríkjum, svo sem Norrænu blaðamannamiðstöðina í Árósum (NJC) og blaðamannanamið í Gautaborgarháskóla, getur efnt til svæðisbundinna málstofa um ritstjórn verkefna á grunni rannsóknarblaðamennsku, skiptináms og meistaranáms í rannsóknarblaðamennsku

### Bakgrunnur

Fjölmiðlar eru forsenda heilbrigðs lýðræðis. Fjölmiðlar móta skynjun okkar á veruleikanum, eru vettvangur umræðu og skoðanaskipta, hafa pólitískt dagskrárvald og eftirlit með þeim sem hafa áhrif í samfélaginu og fara með völd.

Með helstu styrkleikum Norðurlandapjóða, á tímum sem hætta steðjar að lýðræði og tjáningarfrelsi í sumum löndum, eru mikið traust, öflugar og viðurkenndar lýðræðislegar stofnanir, rúmt fjölmiðlafrelsi og hefð fyrir að ríki standi vörð um óhefta þjóðmálaumræðu.

Í baráttunni gegn stafrænum bergmálshellum, flokkadráttum í samfélaginu og alþjóðarisum sem æ oftast ráða almennri umræðu er mikilvægt að búa í haginn fyrir fjölbreytt fjölmiðlaumhverfi og efla rannsóknarblaðamennsku. Slík blaðamennska er krefjandi en mikilvæg samfélaginu og forsenda fyrir að upplýsingum sé miðlað um það sem aflaga fer. Mesti skjalaleki sögunnar, Panamaskjöldin árið 2016, var afrakstur alþjóðlegs samstarfs hundraða fjölmiðlaútgefenda. Mikill munur er á fréttamiðlum hvort þeir hafi tækifæri til að setja kostnaðarsama fréttadóflun á oddinn.

Þeir kraftar sem mest eftirspurn er eftir en síst er lögð rækt við á norrænum ritstjórnnum og fréttastofum er ritstjórn verkefna á grunni rannsóknarblaðamennsku. Miðlarnir hafa á að skipa mörgum hæfum fréttá- og blaðamönnum en fréttá- og þáttastjórar nýta krafta þeirra að mestu leyti til að flytja daglegar fréttir.



Rannsóknarverkefni á fjölmiðlum krefjast úrræða og færni sem sker sig frá daglegri fréttaoöflun. Það eru einkum stóru fréttaveiturnar sem hafa nægan mannafla og úrræði til að stunda rannsóknarblaðamennsku.

Rannsóknarblaðamenskumiðstöðin Senter for undersøkende journalistikk, SUJO, í háskólanum í Björgvin er sú fyrsta sinnar tegundar á Norðurlöndum. Miðstöðin sameinar kennslu í rannsóknarblaðamennsku (meistaránám) og aðstoð við verkefni á grunni rannsóknarblaðamennsku, einkum hjá staðar- og héraðsmiðlum.

Frá upphafi, haustið 2018, hefur SUJO stutt við birtingu á tíu umfangsmiklum rannsóknarverkefnum fjölmiðla í Noregi. Fyrstu brautskráðu meistaránemarnir (4) munu í sumar hafa birt rannsóknarverkefni sín (meistaraverkefni) í stórum norskum fjölmiðlum.

SUJO er í góðu samstarfi við Norrænu blaðamannamiðstöðina í Árósum (NJC) og blaðamannanámið í Gautaborgarháskóla. Nils Hanson, sem í mörg ár var ritstjóri fréttaskýringarþáttarins „Uppdrag granskning“ í sænska ríkissjónvarpinu SVT, er heiðursdoktor við Gautaborgarháskóla. Auk þess er hann sá fagmaður í Evrópu sem helst er litið til varðandi leiðbeiningar um ritstjórn rannsóknarblaðamennsku. Árið 2019 verður SUJO aðili að Global Investigative Journalism Network (GIJN), umfangsmesta alþjóðaneti samtaka og stofnana sem fást við rannsóknarblaðamennsku.

Hefð er fyrir samstarfi norrænu borganna þriggja, Árósa, Björgvinjar og Gautaborgar, sem standa einungis höfuðborgunum að baki. SUJO getur í nánu samstarfi við NJC og blaðamannanámið í Gautaborgarháskóla boðið upp á svæðisbundnar málstofur hvarvetna á Norðurlöndum.

Helsingfors, 2. september 2019

*Anders Kronborg (S)*

*Annette Lind (S)*

*Erkki Tuomioja (sd)*

*Eveliina Heinäluoma (sd)*

*Gunilla Carlsson (S)*

*Heidi Viljanen (sd)*

*Henrik Møller (S)*

*Ilmari Nurminen (sd)*

*Ingalill Olsen (A)*

*Jorodd Asphjell (A)*

*Kasper Roug (S)*

*Lars Mejern Larsson (S)*

*Martin Kolberg (A)*

*Nina Sandberg (A)*

*Per-Arne Håkansson (S)*

*Pyry Niemi (S)*

*Ruth Grung (A)*

*Stein Erik Lauvås (A)*

*Thomas Jensen (S)*

*Tony Wikström (ÅSD)*

*Åsa Karlsson (S)*